

1. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

8. mars 2017, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:00

Mætt eru: Una Hildardóttir (UH), Guðbjört Angela Mánadóttir (GAM), Sara Sigurðardóttir (SS), Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ) og Tinna Isebarn (TI) framkvæmdastjóri LUF.

Fundur settur 18:01

Dagskrá:

- SHB setur fundinn** og býður nýja stjórn velkomna til starfa. TI byrjar á því að kynna gögn sem krefjast undirskriftar stjórnarmanna. Skrifðu allir viðstaddir m.a. undir siðareglur LUF sem samþykktar voru á sambandsþingi.
- Vinnureglur stjórnar:** TI leggur fram tillögu um að hver og einn fari yfir reglurnar, gerir tillögur að úrbættum við sitt hlutverk og komi með breytingartillögur. Meðstjórnendur skilgreina sín hlutverk frá grunni. Ákveðið var að tillögurnar yrðu lagðar til samþykktar á næsta stjórnarfund. Tillaga SS um að dagskrá og fundargögn yrðu komið til stjórnar a.m.k. tveimur dögum fyrir fund var einnig samþykkt.
- Hlutverk meðstjórnenda:** TI skýrir að stjórn skuli samkvæmt lögum skilgreina hlutverk meðstjórnenda á fyrsta stjórnarfund. Fram fóru umræður um þarfir félagsins út frá styrkleikum og áhugasviði. Samþykkt var að ÓHH tæki hlutverk Upplýsinga- og tæknifulltrúa og að GAM tæki hlutverk Mannréttinda- og forvarnarfulltrúa.
- Fundir með ráðherrum:** TI, SHB og LMJ var falið að útbúa drög að fundarbeiðnum til mennta- og menningarmálaráðherra og utanríkisráðherra.
- UMFÍ:** hefur sótt um einkaleyfi á nafninu „Landssamband ungmennafélaga“. Rætt var um breytingu á nafni félagsins, samskipti við UMFÍ og ferli Einkaleyfisstofu sem og Rsk.
- Heimasíða:** ÓHH var falið það hlutverk að uppfæra lén og heimasíðu. LMJ leggur til að TI og ÓHH kanni kostnað á uppfærðri heimasíðu og nýju lógói og leggi fram möguleika til stjórnar.
- Framkvæmdaáætlun:** LMJ leggur til að haldinn verður vinnufundur til að fara yfir framkvæmdaráætlun starfsársins og gera hana nákvæmari. Í umræðum um áætlun kom fram að mikilvægt væri að fara í dýpri stefnumótun og að áætlun skuli sett fram með hliðsjón af nýrri stefnu. SS lagði til að breytingartillögur á framkvæmdaáætlun skuli yrðu ræddar á næsta stjórnarfund og samþykkt var að þá yrði metið hvort þörf sé á frekari vinnufundi í kjölfarið.
- Pallborðsumræður:** SS kemur til með að sitja í pallborði um húsnaðismarkaðinn hjá Ungum Pírötum fyrir hönd LUF og óskaði eftir innleggi stjórnarmanna. TI leggur til að SS setji upp drög með áherslum LUF í málaflokknum og samþykkt var að stjórn yrði gefið færi á að gera athugasemdir.
- #ÉgKýs:** TI greinir frá stöðu verkefnisins, að verið sé að leggja lokahönd á almenna skýrslu um verkefnið og að undirbúningur fyrir #ÉgKýs 2018 sé í vinnslu.
- Leiðtogaskóli LÆF:** TI greinir frá stöðu umsókna fyrir fjárstyrkjum fyrir skólann og tilkynnir að beðið sé eftir svari frá Æskulýðssjóði. Fjallað var um framhald skólans sem yrði ákveðið í samráði við fulltrúaráð.
- Málefni ungra innflytjenda:** TI gerði grein fyrir stöðu verkefnisins „Valdefling

ungra innflytjenda“. Verkefninu er ekki lokið, þörf er á að taka ákvörðun um hvernig skal nota eftirstöðvar styrksins frá innflytjendasjóði og rita þarf lokaskýrslu um verkefnið. Ákveðið var að TI myndi koma GAM inn í málin og að ákvörðun um framhaldið yrði tekin í samráði við samstarfsaðila.

12. Fyrsti fulltrúaráðsfundur: TI lagði til að fundurinn yrði haldinn í framhaldi af stjórnarfundi þann 4. apríl kl. 20:00 og var tillagan samþykkt. Ákveðið var að SS og TI myndu ræða sérstaklega um skipulagninu fundarinn.

13. Alþjóðamál:

- a. LMJ tilkynnir að mennta- og menningarmálaráðuneytið hafi tilnefnt SHB sem fulltrúa Íslands á „**EU Youth Conference**“ í Möltu 20-23 mars. Óskað var eftir því sérstaklega vegna þess að LUF fer með formennsku í „Nordic Baltic Cooperation“ (NBC) og kemur til með að undirbúa og stýra NBC undirbúningsfundi um „Council of Members and Extraordinary General Assembly“ (COMEM), sem haldinn verður samhliða ráðstefnunni.
- b. LMJ hefur boðað NBC á Skype fund til þess að ræða tilnefningar í “Council of Europe **Advisory Council on Youth**“ (AC). Ákvörðun um tilnefningu frá Íslandi verður tekin í gegnum tölvupóst.
- c. LMJ verður fulltrúi LUF á **COMEM** sem fer fram í Brussel 21-22 apríl.
- d. TI tilkynnti að mennta- og menningarmálaráðið hafi óskað eftir tilnefningum frá LUF sem tilnefnir fimm manna hóp á aldrinum 25-35 ára á þátttöku í Norræna verkefninu „**Det nye Norden**“ 21-24 maí í Finnlandi, skipulagt af Hanaholmen og Norrænu sendiráðunum. Tilgangur þess er að þróa sameiginleg markmið fyrir Norðurlöndin. LUF fékk þó sambærilegt boð frá Hanaholmen og mun óska eftir tilnefningum frá aðildarfélögunum þar sem fresturinn til að senda inn tilnefningar á ráðuneytið var stuttur.
- e. LMJ segir frá **beiðni frá samtökum í Rúmeníu** til þess að koma í kynnisferð til LUF. SS leggur til að þau geti heimsótt skrifstofuna og að TI haldi kynningu.

14. Næsti fundur: 22. mars kl. 18:30.

15. Önnur mál: Teknar verða myndir af stjórn fyrir heimasíðu á næsta fundi og mun ÓHH halda utan um það verkefni.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 20:12.

UH ritaði fundargerð.